

Nd.

74. Frumvarp til laga

[63. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Flm.: Matthías Bjarnason.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi:

Skarsúðarbyrt skip eru undanþegin tryggingu þessari.

Hafi skip eigi fengið haffærisskírteini endurnýjað, er heimilt að fella það úr tryggingu, eftir að eitt ár er liðið frá því að haffærisskírteini rann út. Fái skipið haffærisskírteini að nýju, skal það tekið að nýju í tryggingu að lokinni fúaskoðun.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist: samþykktum af sjávarútvegsmálaráðuneytinu.

3. gr.

Í stað orðsins „tjónmatsins“ í 5. mgr. 4. gr. laganna komi: tjónbóta.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Greinargerð.

Á árinu 1958 voru sett lög um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, þar sem allir eigendur tréskipa, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland og hafa þilfar, eru skyldir til að váttryggja þau hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum gegn skemmdum af bráðafúa. Með viðaukalögum þessum var ákveðið, að þessar tryggingar skyldu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með sérgreindu reikningshaldi.

Þau ár, sem þessi deild hefur starfað, hefur komið í ljós, að enginn skarsúðarbyggður bátur hefur orðið fyrir skemmdum af bráðafúa, og telja sérfróðir menn ekki líkur til, að bráðafúi komi upp í skarsúðarbyggðum bátum, og þess vegna ekki ástæða til að skylda eigendur þessara skipa til að kaupa bráðafúatryggingu og baka þeim á þann hátt aukin útgjöld við rekstur skipa sinna.

Með þessu frumvarpi er því lagt til, að skarsúðarbyggð skip séu undanþegin þessari tryggingu. Jafnframt þessari breytingu á lögnum eru gerðar nokkrar aðrar breytingar, sem talið er nauðsynlegt að gera vegna fenginnar reynslu af þessum tryggingum.

Efni þessa frumvarps hefur flm. borið undir stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og er hún fyrir sitt leyti því meðmælt, að þessi breyting á lögnum verði gerð.